

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Alþingishúsið við Austurvöll
101 Reykjavík
nefndarsvid@althingi.is

Reykjavík, 7. desember 2023
E-2023-311/00.11

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir

Vísað er til umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd, dagsett 30.11.2023. Um er að ræða innleiðingu þriggja EES-gerða (reglugerð (ESB) 2023/957, tilskipun (ESB) 2023/958 og tilskipun (ESB) 2023/959) sem gert er ráð fyrir að verði samþykktar af sameiginlegu ESS-nefndinni fyrir lok árs 2023. Landsvirkjun hefur kynnt sér efni frumvarpsins og þakkar tækifærið til umsagnar.

Þær gerðir sem hér eru til innleiðingar snúa að uppfærslu ETS kerfisins og eru skýrt merki um vilja og markmið stjórnvalda til að stuðla að auknum samdrætti í losun. Meðal jákvæðra áhrifa innleiðingar eru auknir hvatar fyrir ólíkar atvinnugreinar til að fara í orkuskipti sem er mikilvægur þáttur í því að ná loftslagsmarkmiðum Íslands.

Ekki er ólíklegt að tekjur ríkisins af sölu losunarheimilda muni aukast til framtíðar og telur Landsvirkjun ekki óeðlilegt að þær tekjur, í heild eða hluta, verði notaðar til að styðja við áframhaldandi orkuskipti Íslands. Í því ljósi fagnar Landsvirkjun því að í greinagerð (kafla 6) komi fram að vilji standi til að skilgreina betur í hvaða verkefni tekjum af sölu losunarheimila er varið. Landsvirkjun hefur áður bent á að dæmi um útfærslu gæti verið að slíkar tekjur renni í sameinaðan orku- og loftslagssjóð og verði úthlutað til verkefna sem styðja við markmið og skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum.

Innleiðing ETS2 kerfisins

Í frumvarpinu sem hér er til samráðs kemur fram að til standi að leggja fram frumvarp á vorþingi um ETS2 kerfið um losunarheimildir. Markmið ETS2 kerfisins er að ná fram meiri samdrætti í losun og tekur kerfið til losunar frá byggingum (húshitun), vegasamgöngum og viðbótarstarfsemi (smærri iðnað). Landsvirkjun fagnar þessum áformum og telur mikilvægt að lagaákvæði um ETS2 kerfið taki af allan vafa um gildissvið þess kerfis.

Mikilvægt er að ekki verði gengið lengra í innleiðingu og túlkun EES-gerða en gert er annars staðar í Evrópu og þess gætt að ekki sé um „gullhúðun“ að ræða er kemur að innlendra lagasetningu sem sækir sér stoð í EES-gerðir. Í því samhengi er bent á að innan Evrópu er endurnýjanleg orka almennt skilgreind með losunarstuðulinn núll og myndi þannig falla utan við ETS2 kerfið. Einnig ber að hafa í huga að Evrópusambandið er enn að vinna í útfærslu á ýmsum atriðum, svo sem skilgreiningu á „additional sectors“, sem myndu síðar falla undir ETS2 kerfið. Því er æskilegt að gæta samræmis við slíkar útfærslur og þróa löggjöfina í takt við nágrannalönd okkar.

Við útfærslu innleiðingu ETS2 kerfisins væri einnig æskilegt að skýra tímamma gildistöku en við innleiðingu munu „additional sectors“ þurfa að sæta nýjum reglum er varða vöktun, skýrslugjöf, sannpröfun og leyfisveitingar frá og með 1. janúar 2025.

Virðingarfyllst,

Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri

Bórólfur Nielsen
Forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni